



Táknræn eða raunveruleg þátttaka grunnskólabarna: Sýn barna á réttindi og lýðræðislega þátttöku í skóla

Elín Helga Björnsdóttir, Eyrún María Rúnarsdóttir og Guðrún Kristinsdóttir

► Abstract

► Um höfunda

► About the authors

► Heimildir

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er alþjóðlegur mannréttindasamningur sem snertir börn. Sáttmálinn felur í sér viðurkenningu á að börn þarfnist sérstakrar verndar umfram fullorðna og á að tryggja börnum vernd gegn ofbeldi, tækifæri og áhrifamátt. Fræðimenn telja að sá réttur barna sem eigi hvað mest undir högg að sækja varði lýðræðisákvæði hans. Meðal annars er algengt að ákvarðanir sem tengjast málefnum barna séu teknar án samráðs við þau. Síaukin áhersla er lögð á réttindi og þátttöku barna en til að tryggja réttindi þeirra í samræmi við sáttmálann er mikilvægt að allir; börn og fullorðnir, þekki til hans. Fyrir árið 2030 eiga öll sveitarfélög hér á landi að hafa hafið markvissa innleiðingu Barnasáttmálans og er ein leið til þess að nýta hugmyndafræði svonefnds réttindaskóla. Samkvæmt rannsóknum getur innleiðing sáttmálans haft jákvæð áhrif á skólastarf í heild sinni og aukið þekkingu barna á réttindum sínum. Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á reynslu og þekkingu barna á lýðræðislegri þátttöku og ávinning af fræðslu í skólum um Barnasáttmálann. Tekin voru rýnihópaviðtöl við 43 börn úr 4. og 8. bekk fjögurra skóla á Akureyri og í Eyjafjarðarsveit. Helstu niðurstöður sýna að þátttakendur virðast kunna skil á innihaldi þeirra réttinda sem Barnasáttmálinn veitir og er skilningur þeirra almennt góður. Börn í réttindaskóla höfðu fengið meiri fræðslu sem skilaði sér í auknum skilningi. Þrátt fyrir góða viðleitni í skólastarfi til að auka þátttöku nemenda í ákvörðunum virtist hún í sumum tilfellum einungis fela í sér táknræna þátttöku þeirra. Álykta má að fræðsla sé forsenda þess að innleiðing Barnasáttmálans njóti velgengni og er von okkar að þessi rannsókn stuðli að jákvæðara viðhorfi til skoðana og þátttöku barna.

Efnisorð: Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, réttindi barna, þátttaka barna, réttindaskóli, lýðræði

Inngangur

Eitt mikilvægasta ákvæði í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sem hér eftir er nefndur Barnasáttmálinn, er 12. grein hans sem kveður á um rétt barna til að hafa áhrif á ákvarðanir um eigin málefni. Með tilkomu nýrri bernskufræða (e. childhood studies) jókst áhersla á þýðingu þess að börn tækju þátt í að móta líf sitt og annarra og að þau hefðu áhrif á eigin þroska, líf og umhverfi (Guðrún Kristinsdóttir, 2014; lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013; Shier, 2001). Ítrekað hefur verið bent á að lýðræðisákvæði 12. greinar sáttmálans eigi undir högg að sækja (Lundy, 2012; Shier, 2001) og að ákvarðanir sem tengjast málefnum barna séu teknar án aðkomu þeirra (Lundy, 2007). Erlendar rannsóknir sýna að minnihluti barna sé meðvitaður um réttindi sín en að þá þekkingu þurfi að rannsaka með fjölbreyttum aðferðum, enda setji börn þekkingu sína ekki endilega í orð á sama hátt og fullorðnir (Shier, 2001; Ursin og Haanpää, 2018).

Stofnanir og ráðuneyti hérlendis vilja auka vægi Barnasáttmálans í lífi og starfi barna (Stjórnarráð Íslands, 2020). Sá vilji birtist meðal annars í ákvæðum um réttindi barna í samræmi við Barnasáttmálann, í nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (nr. 86/2021) og með samstarfssamningi stjórnvalda undir formerkinu Barnvænt Ísland (þingskjal nr. 151/2020–2021 – tillaga til þingsályktunar). Markmið samningsins er að tryggja aðgengi allra sveitarfélaga að markvissri innleiðingu Barnasáttmálans og að þekking á réttindum barna og skyldum stjórnvalda samkvæmt Barnasáttmálanum verði útbreidd í samfélaginu. Er ætlunin að öll sveitarfélög hefji þessa vinnu fyrir árið 2030 (Barnvæn sveitarfélög, e.d.).

Mikilvægi þess að leita eftir röddum barna í rannsóknum sem snúa að málefnum þeirra hefur verið viðurkennt í vaxandi mæli (France o.fl., 2000). Niðurstöður sumra athugana sýna að börn taka orðið aukinn þátt í rannsóknum sem tengjast þeim beint (Dockett o.fl., 2009; Jóhanna Einarsdóttir, 2012; Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2011). Aðrar rannsóknir í þessu samhengi sýna þó að erfitt er að ná til barna sem eru almennt í erfiðri stöðu (Fleming, 2013; Garcia-Quiroga og Agoglia, 2020). Athygli rannsækenda hefur einnig beinst að valdeflingu og sjónarmiðum barna (Jóhanna Einarsdóttir, 2012) en hugtakið valdefling tengist réttindabaráttu minnihlutahópa (Hanna Björg Sigurjónsdóttir, 2006). Í bernskufræðum eru börn talin jaðarsett vegna skorts þeirra á samfélagslegum áhrifum (James og James, 2012).

Um afstöðu grunnskólabarna til þess hvort tekið sé mark á hugmyndum þeirra innan skólans er lítið vitað og er mikil þörf á að auka þekkingu á því. Markmiðið hér er ekki að kortleggja það en sem dæmi kom fram í rannsókn Jóhönnu Kr. Arnberg Gísladóttur o.fl. (2015) að nemendur tóku takmarkaðan þátt í ákvarðanatöku innan veggja skólans. Í annarri nýrri könnun var spurt um hvort mark væri tekið á hugmyndum nemenda, en sú könnun náði til fjögurra árganga grunnskólabarna á landsvísi árið 2022. Játandi svöruðu 52% nemenda í 4. bekk og 57% barna í 8. bekk, en um 30% yngri og eldri barna svöruðu hvorki né (Ársæll Arnarsson o.fl., 2022). Þetta bendir til þess að talsvert sé í land með að koma til móts við skoðanir grunnskólabarna um skólastarfið.

Markmið rannsókna okkar er að skoða reynslu og þekkingu barna á lýðræðislegri þátttöku í ákvörðunum í skóla og hvaða ávinning börn geta haft af því að fræðast um Barnasáttmálann. Í rannsókninni var lögð áhersla á að fá fram sýn barnanna á þátttöku þeirra og það hvort réttindafræðsla skilaði sér til þeirra. Þrátt fyrir að samanburður réttindaskólans við aðra skóla hafi ekki verið upprunalegt markmið þessarar rannsóknar er fjallað sérstaklega um réttindaskólann þar sem ávinningur getur legið í þeirri réttindafræðslu sem nemendur innan hans hafa hlotið.

Barnasáttmállinn og þátttaka barna

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013) var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1989. Þessi alþjóðlegi samningur viðurkennir mannréttindi barna og var fullgiltur hér á landi árið 1992. Það fól í sér að Ísland er skuldbundið að þjóðarrétti til að uppfylla og virða ákvæði hans. Barnasáttmállinn var lögfestur hér á landi með lögum um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013. Með því er einstaklingum kleift að byggja á ákvæðum hans fyrir innlendum dómstólum og ætti það að auka mjög á hagnýtingu hans (Stjórnarráð Íslands, e.d.).

Barnasáttmállinn skiptist í þrjá meginhluta auk inngangs. Í fyrsta hlutanum eru réttindi barna tilgreind og þau flokkuð í þrennt; vernd, umönnun og þátttöku (1.–41. gr.). Annar hlutinn fjallar um upplýsingaskyldu aðildarríkja gagnvart almenningi (42.–45. gr.) og í þriðja hlutanum eru ákvæði um formleg atriði sem snúa að sáttmálanum sjálfum (46.–54. gr.) (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013; Þórhildur Línal, 2007a, 2007b).

Hér er sjónum beint að 12. grein sáttmálans um rétt barna til lýðræðislegrar þátttöku og meðal annars til tjáningar. Í 12. gr. segir: „Aðildarríkin skulu tryggja barni sem myndað getur eigin skoðanir rétt til að láta þær frjálst í ljós í öllum málum sem það varða, og skal tekið réttmætt tillit til skoðana þess í samræmi við aldur þess og þroska“ (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins

nr. 19/2013). Eins og fyrr segir afmarkast viðfangsefni okkar við þátttöku barna í ákvörðunum í skóla, og verður því nánar lýst síðar.

Ákvæði 12. greinarinnar gengur sem rauður þráður í gegnum sáttmálann og er eitt af grunnstöðum hans. Ákvæðið gefur börnum leið til að njóta allra þeirra réttinda sem sáttmálinn veitir (Parkes, 2013) og er mikilvægt að hafa það í huga þegar önnur ákvæði sáttmálans eru túlkuð (Lundy, 2007). Þrátt fyrir það er bent á að þessi grein eigi hvað mest undir högg að sækja (Hart, 1992; Lansdown, 2011; McMellon og Tisdall, 2020; Shier, 2001). Með þátttöku barna bæði í ákvörðunum og almennt er ekki einungis verið að virða réttindi þeirra heldur er hún ein leið til að uppfylla lagalega skyldu stjórnvalda samkvæmt alþjóðasáttmálum (Lundy, 2007; Thomas, 2007). Hugtakið þátttaka er þó aldrei nefnt berum orðum í sáttmálanum (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013).


Börn taka þátt í samfélaginu á margvíslegan hátt, ekki síst ef lýðræði er skilið í anda Dewey og birtist meðal annars skýrt í daglegri samvinnu þeirra í leik og starfi (Dewey, 1910/2000). Hugtakið hefur samkvæmt Hart (1992) verið skilgreint sem „réttur til að taka þátt í, eða hafa leyfi til og vera hvattur til að taka á sig ábyrgð og skyldur við ákvarðanatöku um eigið líf“ (Hart, 1992). Með áherslunni á þátttöku barna er stefnt að því að virða réttindi þeirra og með henni öðlist börn færni til þess að takast á við áskoranir í eigin lífi (Ragný Þóra Guðjohnsen og Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2016) ásamt að þróa getu til að leysa úr ágreiningi og bera virðingu fyrir sjónarmiðum annarra (Lansdown, 2011).

Vel á við að tengja félagsnámskenningu Bandura (1977) við umfjöllun um þekkingu og vitneskju skólabarna um réttindi þeirra og þátttöku. Með því er ljósi varpað á lykilatriði í starfi skólanna. Samkvæmt kenningunni er öll hegðun og/eða færni lærd í gegnum samskipti og fyrirmyndir, í gegnum ferli sem kallast herminám. Herminám á sér stað þegar einstaklingur tekur upp hegðun annarra, yfirleitt fyrirmynda. Þannig getur beiting kenningarinnar varpað ljósi á hvernig hegðun og þátttaka barna, lýðræðisleg eða ekki, lærist í gegnum félagslegt nám. Dewey (1944) taldi þátttöku og virkni vera forsendu þess að börn læri lýðræði og mótist sem virkir þátttakendur í samfélaginu. Áherslur Dewey endurspeglast í Aðalnámskrá grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2011) þar sem áhersla er lögð á að börn læri um lýðræði. Að læra um lýðræði vísar til þess að börn þurfi að læra í hverju lýðræði felst til að þau geti tekið þátt í samfélaginu á meðan að læra til lýðræðis vísar til að börn þurfi að öðlast reynslu og færni til að geta haft áhrif á mótun lýðræðissamfélaga (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007). Rök hafa verið færð fyrir því að lýðræði í skólastarfi sé takmarkað (Ólafur Páll Jónsson, 2011, 2015; Sigrún Aðalbjarnardóttir og Eva Harðardóttir, 2012) en menntun til lýðræðis hefur þá þann kost að styrkja stöðu ungs fólk til þátttöku innan samfélagsins (Thomas, 2007). Óraunhæft er að ætlast til þess að börn búi í samfélagi þar sem þau fá ekki að taka virkan þátt og þar sem ekki er borin virðing fyrir skoðunum þeirra. Börn vilja láta hlusta á sig og fá að leggja sitt af mörkum til samfélagsins en þannig lærist hæfileiki þeirra til þátttöku og lýðræðislegra ákvarðana (Shier, 2001; Umboðsmaður barna, 2003). Þá felst þátttaka, samkvæmt Shier (2001), í að hlustað sé á barnið, tillit sé tekið til skoðana þess, barnið sé haft með í ráðum og það stutt til að hafa frumkvæði. Hann mátaði einmitt þátttökuhugtakið við 12. grein Barnasáttmálans eins og kemur nánar fram í næsta kafla.

Um þátttöku barna í ákvörðunum

Fræðimenn hafa sett fram kenningar um þátttöku barna í ljósi 12. greinar Barnasáttmálans. Hart (1992) þróaði líkan til að meta þátttöku og valdeflingu barna og byggði á hugmynd Arnstein (1969) um að borgaraleg þátttaka sé valdeflandi. Átta þrepa þátttökustigi Harts er hugsaður sem verkfæri fyrir fagfólk til að ígrunda starf sitt með börnum og greina ólíkar tegundir þátttöku. Nedsta þrepið endurspeglar algjört þátttökuleysi barns í ákvörðunum en efsta þrepið fulla þátttöku til jafns við fullorðna (Hart, 1992).

Á fyrsta þrepi (Hart, 1992) er virkni barna á forsendum fullorðinna og á öðru þrepi styrkja börn málstað fullorðinna óbeint. Á þriðja þrepinu á táknað þátttaka sér stað. Börnin hafa rödd en ekki tækifæri til að mynda eigin skoðanir.



Mynd 1. Þátttökustigi Hart (1992).

Fimm efstu þrep stigans eiga við um þátttöku barna samkvæmt 12. gr. Barnasáttmálans og flokkast sem jákvæð. Á fimmta þrepi er borin virðing fyrir skoðunum barna en fullorðnir stjórna. Á sjötta þrepi eiga fullorðnir frumkvæði en börn taka virkan þátt í ákvörðunum og á sjöunda þrepi bætist framkvæmd barna við. Á efsta þrepi eiga börn frumkvæði.

Shier (2001) setti fram þátttökustiga í þeim tilgangi að greina hvenær væri um að ræða þátttöku í skilningi 12. greinar Barnasáttmálans. Stiginn er í fimm þrepum (sjá Mynd 2), sem endurspeglar aukin völd barna frá lægri þrepum til hærri. Stiginn hefur auk þess þrjú stig skuldbindinga, sem aukast stig af stigi.



Mynd 2. Þátttökustigi Shier (2001).

Á fyrsta þrepi þátttökustiga Shier hlusta fullorðnir á börn af athygli. Á öðru þrepi hvetja fullorðnir börn til að láta skoðanir sínar í ljós (Lundy, 2007; lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013). Á þriðja þrepi hafa skoðanir og sjónarmið barna vægi og á fjórða þrepi fá börn að taka þátt en eiga samt ekki hlut í ákvörðun. Á þessu þrepi er ákvæðum Barnasáttmálans mætt því að börn þurfa ekki að taka beinan þátt í ákvörðunum heldur eiga skoðanir þeirra að hafa þar vægi. Til að mæta kröfum Barnasáttmálans er fjórða þrep ferlisins lágmark en í 1. mgr. 12. gr. sáttmálans er gerð krafa um að aðildarríkin tryggja barni sem myndað getur skoðanir, rétt til að láta þær í ljós í málum sem það varðar og tekið skal tillit til skoðana barnsins í samræmi við aldur og þroska (lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013; Shier, 2001). Á fimmta og síðasta þrepinu hafa börn völd og ábyrgð sem dreifist milli barna og fullorðinna (Shier, 2001).

Þekking og reynsla barna af mannréttindum og þátttöku

Mannréttindi eru viðurkenning þess að hver manneskja hafi jafnan rétt og virðingu, réttinn til lífs, frelsis og mannhelgi (mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, 1948/2008). Þau eru einstaklingum nauðsynleg til að lifa sem manneskjur og snúast um að allir fái haldið mannlegri reisu á meðan forréttindi vísa til aðstöðumunar og réttinda sem einstaklingur nýtur umfram aðra (Case o.fl., 2012). Mannréttindi eru alþjóðleg, meðfædd, óaðskiljanleg, óframseljanleg, samtengd, skilyrðislaus og tryggja að allir hafi aðgengi að grundvallarþörfum (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.).

Niðurstöður rannsókna benda á að börn hafi allt frá níu ára aldri grunnskilning á mannréttindum, til dæmis rétti barna til menntunar, rétti barna til næringar og vatns ásamt rétti barna til þátttöku (Ursin og Haanpää, 2018). Rannsóknir sýna að virk þátttaka barna í samfélaginu stríði gegn hefðbundinni afstöðu fullorðinna til barna og einkennist sú sýn af því að börn eigi að láta lítið fyrir sér fara og halda skoðunum sínum fyrir sig (Umboðsmaður barna, 2003). Rök gegn þátttöku barna eru meðal annars að börn hafi ekki hæfni eða reynslu til þátttöku og að börn þurfi að læra að bera ábyrgð áður en þau öðlast réttindi til að taka virkan þátt (Guðrún Kristinsdóttir, 2017; Lansdown, 2011). Einnig efast fullorðnir oft um að börn geti tekið ákvarðanir og óttast forsjáraðilar að þátttaka barna geti grafið undan þeirra eigin áhrifum og völdum (Lundy, 2007) en töluverð mótspyrna fullorðinna hefur verið gegn þátttöku barna (Umboðsmaður barna, 2003). Þá hræðast fullorðnir að börnin komi til með að bera minni virðingu fyrir þeim (Shier, 2001).

Mikilvægt er að hafa í huga að hvert einasta barn flytur með sér fjölbreytileika ásamt að börn tjá sig á fjölbreyttan hátt með tilfinningalegum viðbrögðum, brosi og snertingu (Murray, 2019; Ursin og Haanpää, 2018). Ljóst er að ýmsar takmarkanir og hindranir eru í vegi þess að jafna stöðu barna og veita öllum tækifæri til að tjá sig og hafa áhrif. Eins og áður sagði hefur ólíkur bakgrunnur og valdastaða barna áhrif á hve mikinn hljómgrunn raddir þeirra fá í samfélaginu (Diemer, 2012; Hart, 1992; Pfanzelt og Spies, 2018; Rossenberg, 2013) en hægt er að gefa sjónarmiðum og röddum barna hljómgrunn með virkri hlustun (Murray, 2019). Slík hlustun felst í að hlusta á barnið af athygli og byggja upp traust (Gordon, 1975; Weger o.fl., 2014). Ef sjónarmið barna fá ekki hljómgrunn er dregið úr hvata þeirra til að læra um lýðræði. Þegar fullorðnir hlusta ekki á það sem barn hefur til málanna að leggja gefa þeir barni til kynna að sjónarhorn þess sé ekki metið að verðleikum. Sé þessi tiltekna hegðun endurtekin í garð barnsins eru skoðanir þess og sjónarmið sniðgengin, það upplifir sig lítils virði og að ekki sé borin virðing fyrir því, og börn geta þá upplifað höfnun. Vanvirðing við sjónarmið og raddir barna dregur því úr hvatningu þeirra til að læra til lýðræðis (Murray, 2019).

Aðrar takmarkanir felast í ójafnri valdastöðu kynjanna innan samfélagsins, reyndar í þeim mæli að nær er að tala um áhrif barna á líf og samfélag fremur en að gera ráð fyrir að þau hafi völd. Sem dæmi um það er að drengir eru líklegri en stúlkur til að láta raddir sínar heyrast og taka þátt í lýðræðislegum ákvörðunum (Hart, 1992; Pfanzelt og Spies, 2018). Valdastaða kynjanna getur líka verið ólík á milli menningarheima (Cahill og Dadvand, 2018; Hart, 1992) en ólík staða kynjanna og hlutverk þeirra mótast af ráðandi hugmyndum í samfélaginu (Þórdís Þórðardóttir, 2014). Í rannsókn Ursin og Haanpää (2018) kom fram að drengir höfðu meiri þekkingu á réttindum sínum en stúlkur á meðan önnur rannsókn sýndi engan mun á drengjum og stúlkum hvað snerti vitund um réttindi eða þekkingu á Barnasáttmálanum (Rees og Main, 2016).

Valdastaða er ekki einungis kynbundin heldur felst einnig í kynslóðabili, enda er hún ójöfn á milli barna og fullorðinna. Samkvæmt Hart (1992) leikur enginn vafi á að skoðanir barna hafi minna samfélagslegt vægi en hinna fullorðnu. Kennarinn er ekki jafningi nemenda sinna (Ólafur Páll Jónsson, 2011) og í skóla- og menntakerfinu er starfsfólk skólans í valdastöðu gagnvart börnunum (Guðrún Kristinsdóttir, 2017). Samkvæmt rannsóknum hafa börn efnaminni fjölskyldna, og börn í efnaminni og berskjaldaðri stéttum samfélagsins, minna tjáningarfrelsi í daglegu lífi og það hefur neikvæð áhrif á lýðræðislega þátttöku þeirra (Guðmundur Ævar Oddsson, 2019; Þórhildur Línadal, 2007b). Hafa ber einnig í huga hvernig vestrænt gildismat og menning í skóla okkar heimshluta tekur oft lítið mið af forsendum þekkingar og skilnings barna með annan tungumála- og menningarbakgrunn

(Aasebø og Willbergh, 2022). Ljóst er því að ójöfn valdastaða hefur afgerandi áhrif á aðkomu barna að ákvörðunum í skóla.

Réttindaskóli Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna

Réttindaskóli Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) er sérstakt verkefni fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af Barnasáttmálanum. Réttindaskólinn er þannig tæki sem leggur sáttmálann til grundvallar í öllu sínu starfi og miðar að því að auka virðingu, vernd og framkvæmd mannréttinda. Markmið réttindaskólans er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi sem hjálpar börnum að verða gagnrýnir, hæfir og virkir þátttakendur í lýðræðissamfélagi (Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, e.d.). Forsendur og langtíamarkmið réttindaskóla UNICEF eru eftirfarandi:

1. Aukin þekking á mannréttindum. Starfsfólk og börn auka þekkingu sína á réttindum barna.
2. Lýðræði. Börn fá reglubundin tækifæri til þess að taka þátt í ákvarðanatöku.
3. Eldmóður fyrir mannréttindum. Börn eru hvött til þess að beita sér fyrir réttindum sínum og annarra.
4. Forsendur Barnasáttmálans skulu vera hluti af daglegu starfi. Stjórnendur vinna markvisst að því að gera sáttmálann að viðmiði í stjórnsýslu skóla- og frístundastarfs.
5. Samstarf við alla sem koma að uppeldi barnsins með það markmiði að raungera réttindi barnsins.

Niðurstöður viðhorfskannana, sem lagðar hafa verið fyrir í Bretlandi ásamt 26 öðrum löndum, fyrir og eftir innleiðingu réttindaskólaverkefnisins, gefa til kynna að þekking barna á mannréttindum og alþjóðlegum málefnum eftir innleiðingu hafi aukist (Culhane og McGeough, 2020) og að verkefnið hafi haft jákvæð áhrif á skólastarfið í heild sinni (Jerome o.fl., 2015). Þetta birtist til að mynda í að þekking barna á réttindum sínum eykst sem og stuðningur og virðing gagnvart minnihlutahópum, fjölbreytileika og fjölmenningu. Að auki sýna rannsóknir að innleiðing dregur úr einelti, stríðni og ofbeldisfullri hegðun, nemendur taki aukinn þátt í skólastarfinu og hafi meiri trú á eigin getu (Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, e.d.; Culhane og McGeough, 2020).

Réttindaráð leiðir innleiðingu réttindaskóla og frístundar og er aðkoma barna tryggð með ráðinu. Í réttindaráðinu, sem skipað er nemendum, starfsmönnum og foreldrum, er fulltrúum gefið tækifæri til að segja skoðanir sínar og hafa áhrif á skólastarfið. Starf réttindaráðs miðar að því að uppfylla forsendur réttindaskólans (Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, e.d.).

Markmið og rannsóknarspurningar

Ljóst er að víða er lögð síaukin áhersla á réttindi og þátttöku barna. Innleiðing Barnasáttmálans í stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga, fjölgun réttindaskóla og lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 eru til marks um þessa áherslu.

Til að tryggja réttindi barna í samræmi við Barnasáttmálann er mikilvægt að börn jafnt sem fullorðnir þekki til sáttmálans. Barnaréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna (2022) hefur bent á að Ísland þurfi að standa betur að fræðslu til almennings um réttindi barna. Einnig er mikilvægt að fræða einstaklinga sem starfa að farsæld barna um hvernig auka megi þekkingu barna á lýðræðislegri þátttöku og sáttmálanum.

Markmið rannsókna okkar er að varpa ljósi á reynslu og þekkingu barna á lýðræðislegri þátttöku og hvaða sýn þau hafa á ávinning af fræðslu í skóla um Barnasáttmálann. Í rannsókninni var leitast við að svara eftirfarandi spurningum:

- Hver er reynsla og þekking barna á lýðræðislegri þátttöku í ákvörðunum í skóla?
- Hver er sýn barna á ávinning af fræðslu um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna?

Aðferð – barnmiðuð þátttökuathugun

Rannsóknin var eigindleg, hálfstýrð viðtalsathugun (Braun og Clarke, 2013; Hancock og Algozzine, 2011). Ekki var stefnt að alhæfingu enda er það sjaldan markmið eigindlegra rannsókna (Silverman, 2013) og endurspeglar rannsóknin einungis sjónarhorn viðmælenda. Gagna var aflað með rýnihópaviðtölum við börn ásamt viðtölum við fullorðna sem unnu að innleiðingu Barnasáttmálans.

Úrtak og þátttakendur

Haft var samband við fræðsluvið Akureyrarbæjar og sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar til að afla viðmælenda og tóku fjórir grunnskólar á svæðinu þátt, þar af einn réttindaskóli. Þátttakendur voru nemendur í 4. og 8. bekk, alls 43 börn. Akureyri varð fyrir valinu sem fyrsta sveitarfélagið á Íslandi til að hljóta viðurkenningu sem barnvænt sveitarfélag samkvæmt skilgreiningu Barnahjálparinnar. Ákveðið var að leita einnig til Hrafnagilsskóla í Eyjafjarðarsveit þar sem skólaheit hans ríma við viðfangsefni rannsóknarinnar. Hluti þátttakenda, alls 15 börn, voru í réttindaskólanum en á þeim tíma sem rannsóknin fór fram var einn réttindaskóli á Akureyri (Barnvæn sveitarfélög, e.d.; Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna).

Við val á viðmælendum var markmiðsúrtaki (e. purposive sampling) beitt, sem gerir rannsakanda kleift að velja markvisst þátttakendur sem búa yfir þeim eiginleikum eða reynslu sem henta best til að lýsa rannsóknarefninu (Silverman, 2013). Með aðstoð kennara við val á nemendum var reynt að tryggja að sem flestir nemendur óháð atgervi og aðstæðum gætu tekið þátt. Bakgrunnur nemenda var fjölbreyttur, hvort sem um var að ræða kyn, búsetu, fjölskyldumynstur, skoðanir, lífsgildi eða áhugamál.


Framkvæmd

Áður en gagnasöfnun hófst var haft samband við forsjáraðila þátttakenda til að afla samþykkis fyrir þátttöku. Þátttakendur veittu einnig skriflegt samþykki en áður höfðu þeir allir, óháð aldri, verið upplýstir bréflega um markmið, tilgang og efni rannsóknarinnar. Þátttakendum var bent á að afturkalla mætti samþykki sitt hvenær sem væri.

Um var að ræða aldursskipt rýnihópaviðtöl með 6–8 börnum í hverjum hópi, þrír hópar í 4. bekk og þrír hópar í 8. bekk. Hvert rýnihópaviðtal tók um eina klukkustund og fóru viðtölin fram í skólunum. Þátttakendur sátu í hring meðan á viðtölunum stóð og skrifaði hver og einn nafn sitt á merkimiða í upphafi viðtals svo auðveldara væri að ávarpa hvern þátttakanda fyrir sig. Viðtölin fóru fram með því að styðjast við hálfopinn viðtalsramma og áhersla var á að leita eftir þekkingu barnanna á Barnasáttmálanum og þátttöku þeirra í tengslum við lýðræðisákvæði sáttmálans. Þátttaka barnanna var örvuð með myndrænni framsetningu Barnasáttmálans í formi teikninga og mynda, sem sjá má hér á eftir. *Mynd 3* notuðum við til að sýna börnunum um hvaða ákvæði verið væri að ræða og til að örva umræðuna. *Mynd 4* var notuð til að örva umræðu um jafnan rétt barna og lýðræðisákvæði Barnasáttmálans. Rannsakandi bað börnin um að útskýra það sem þau sáu á teikningunum og bað þau um að segja frá sinni upplifun af ákvæðunum. *Mynd 5* notuðum við til að fá fram frekar umræður um bekkjarsáttmála og til að gefa þátttakendum hugmynd um hvernig hann getur litið út.



Mynd 3. Myndræn framsetning Barnasáttmálans. Ákvæði Barnasáttmálans.



Mynd 4. Myndræn framsetning Barnasáttmálans. Teikningar af ákvæðum Barnasáttmálans. Jafn réttur barna og lýðræðisákvæði.



Mynd 5. Myndræn framsetning Barnasáttmálans. Bekkjarsáttmáli.

Gagnagreining

Við úrvinnslu gagna var þemagreiningu beitt og unnið var eftir sex skrefa greiningarferli samkvæmt Braun og Clarke (2013). Gagnasafnið var lesið vel, hugmyndir skráðar niður og farið var kerfisbundið í gegnum öll gögnin til að finna í þeim merkingu og kóða. Hvert þema var litað með ákveðnum lit til að bera kennsl á og þróa mynstur út frá fyrstu athugun gagna. Tvö þemu greindust; þekking barna á Barnasáttmálanum og reynsla barnanna af gerð bekkjarsáttmála.

Siðferðileg atriði

Rannsóknin var tilkynnt til Siðanefndar háskólanna um vísindarannsóknir ásamt að fylgt var viðmiðunarreglum um rannsóknir og kannanir í leik- og grunnskólum Akureyrar. Upplýst samþykkið var aðflað frá þátttakendum og leitast var við að tryggja trúnað. Öllum þátttakendum undir 18 ára aldri voru gefin dulnefni. Þátttakendur töluðu um réttindi sín á opinskáan máta og voru samskipti hlýleg. Góð innsýn fékkst því í upplifun og reynslu þátttakenda.

Viðfangsefni rannsóknarinnar ætti ekki að hafa gengið nærri þátttakendum enda var ekki fjallað um persónulegt líf þeirra né aðstæður. Áhersla var lögð á mikilvægi þess að þátttakendur bæru virðingu fyrir skoðunum hver annars.

Niðurstöður

Rannsóknin beindist eins og áður sagði að þátttöku og reynslu barna af lýðræðislegri þátttöku í ákvörðunum og að ávinningi af fræðslu um Barnasáttmálann. Í frásögnum barnanna mátti greina nokkur ólík atriði sem snertu þessa reynslu og þekkingu barna og ávinning af fræðslu um Barnasáttmálann. Þeim verður lýst í tveimur köflum sem fjalla annars vegar um þekkingu barna á Barnasáttmálanum og hins vegar um reynslu barna af gerð bekkjarsáttmála.

Þekking barna á Barnasáttmálanum

Þátttakendur, óháð aldri og skóla, veltu fyrir sér spurningum í tengslum við Barnasáttmálann í heild sinni og skapaðist fróðleg og skemmtileg umræða um margar greinar hans. Þekking barna á sáttmálanum virtist vera til staðar en vera takmörkuð. Þó þau kynnu skil á innihaldi réttinda Barnasáttmálans áttu þau í einhverjum tilvikum erfitt með að koma þekkingu sinni í orð, en höfðu þó skoðun á málefninu. Í upphafi viðtals byrjuðu svörin á „ég held“ eða „þetta þýðir örugglega“ en þegar rannsakandi sýndi myndrænt efni, sjá *Myndir 3–5*, urðu svörin markvissari og öruggari. Þá

lyftust hendur á loft og allir vildu tjá sig um myndirnar, ýmist til að koma með eigið sjónarhorn á umræðuefnið eða vera sammála samnemendum sínum.

Þrátt fyrir að samanburður á svörum barna eftir aldri eða skóla hafi ekki verið upphaflegt markmið þessarar rannsóknar var við greiningu hægt að koma auga á ákveðna þræði eftir því hvort börnin voru nemendur í 4. eða 8. bekk og hvort þau gengu í réttindaskóla eða ekki. *Töflu 1* er ætlað að útskýra þekkingu barna á Barnasáttmálanum eftir þessum atriðum.

Tafla 1. Þekking barna á Barnasáttmálanum.

Bekkur	Réttindaskóli	Ekki réttindaskóli
4. bekkur	Hafa fengið meiri fræðslu sem skilaði sér í betri skilningi og orðaforða tengdum mannréttindum. Gera greinarmun á hugtökunum réttindi og forréttindi.	Hafa sterka tilfinningu fyrir því sem þau telja vera sanngjarnt.
	Hafa sterka tilfinningu fyrir því sem er sanngjarnt.	
8. bekkur	Hafa fengið meiri fræðslu sem skilaði sér í betri skilningi og orðaforða tengdum mannréttindum. Nota hugtök líkt og lýðræði og jafnræði.	Hafa góða þekkingu á Barnasáttmálanum í heild sinni.

Munur var á útskýringum nemenda á Barnasáttmálanum og réttindum eftir því hvort nemendur gengu í réttindaskóla eða ekki. Þátttakendur innan réttindaskólans hafa fengið meiri fræðslu en nemendur sem ekki gengu í réttindaskóla og skilaði það sér í meiri skilningi á mannréttindum. Nemendur innan réttindaskólans höfðu betri orðaforða til að útskýra hugtök tengd mannréttindum barna. Eldri börnin notuðu hugtök líkt og lýðræði og jafnræði á meðan yngri börnin geta lýst muninum á réttindum og forréttindum.

Börn innan réttindaskólans áttu auðveldara en aðrir þátttakendur með að útskýra fyrir rannsakanda hvaða merkingu þau leggja í sáttmálann og lýðræðisákvæði hans. Þekking þeirra á greinum Barnasáttmála og yfirsýn um hann var þó ekki meiri en annarra þátttakenda.

Börn í 4. bekk innan réttindaskólans útskýrðu fyrir rannsakanda verkefni þar sem þeir bjuggu til tvö laufblaðstré. Áhersla var lögð á að nemendur gætu skilgreint muninn á hugtökunum réttindi og forréttindi. Annað tréð er réttindatré, þar sem lögð var áhersla á réttindi barna, líkt og menntun og hreinlæti á meðan hitt tréð var forréttindatré, þar sem áhersla lögð á veraldleg gæði sem fást með peningum líkt og síma og tölvur. Tréð hangir, líkt og Barnasáttmálinn, á veggjum skólans þar sem nemendurnir geta séð það. Börnin útskýrðu fyrir rannsanda hvaða merkingu þau leggja í muninn á hugtökunum réttindi og forréttindi.

Lína, nemandi í 4. bekk innan réttindaskólans, tjáði sig um það sem flestir telja vera grundvallarréttindi einstaklinga. Hún segir: „Réttindi eru að fá mat, vatn, menntun, heimili og fjölskyldu.“ Vigfús, samnemandi hennar, grípur orðið og segir öruggur með sig:

Réttindi eru að ef einhver annar fær eitthvað þá á maður skilið að fá það sama nema þetta séu einhver forréttindi sem hann fær. Þá þarf hinn ekki líka að fá það sama ... þannig að öll börn þurfa ekki endilega kannski bara nýjustu tölvuna en sumir kannski halda það.

Samnemandur Vigfúsar innan réttindaskólans samþykktu það með því að kinka kolli. Magdalena, samnemandi Vigfúsar lauk við setningu hans og segir: „Á meðan forréttindi eru að eiga tölvur og kannski sitt eigið herbergi.“ Þekking Vigfúsar og samnemenda hans á réttindum og forréttindum hefur lærst með fræðslu þar sem þau hafa tekið þátt í verkefni innan skólans sem sneri að réttindum barna.

Fróðleg umræða skapaðist hjá 4. bekk innan réttindaskólans um mikilvægi þess að allir, bæði börn og fullorðnir, þekki til réttinda barna og Barnasáttmálans. Magnea, nemandi í 4. bekk, segir: „Það

er gott að allir þekki þetta [Barnasáttmálann] og geti líka bara minnt sig á það ... út af því að ... þá á maður ekki að vera að brjóta það.“

Magnea gerir sér grein fyrir því hversu mikilvægt það er fyrir alla einstaklinga, óháð aldri, að þekkja til réttinda barna og tekur Jónína, samnemandi Magneu innan réttindaskólans í sama streng. Jónína segir: „Ef við þekkjum réttindi barna, við börnin sjálf, þá getum við látið vita ef það er verið að brjóta þau.“

Börnin í 8. bekk sem ekki gengu í réttindaskóla útskýrðu fyrir rannsakanda hver þekking þeirra á Barnasáttmálanum væri. Aðspurð sögðust flest börnin hafa heyrt talað „eitthvað smá“ um sáttmálann og/eða séð hann á veggjum skólans. Börnin lýstu einnig fyrir rannsakanda hvaða merkingu þau leggja í lýðræðisákvæði Barnasáttmálans, um að bera skuli virðingu fyrir sjónarmiðum og skoðunum þeirra. Ugla, í 8. bekk, sem ekki gengur í réttindaskóla, nefnir að bera skuli virðingu fyrir sjónarmiðum hennar og skoðunum. Fullorðnir eigi að hlusta á það sem hún hefði til málanna að leggja og taka mark á því. Ugla lýsti skilningi sínum á 12. gr. Barnasáttmálans frekar og segir um samskipti sín við móður sína: „Segjum að ég sé að tala við mömmu mína og ég er ekki sammála, þá þýðir það samt að ég megi líka tala og hún megi líka hlusta á mig.“ Ugla áttar sig á, út frá lýðræðisákvæði sáttmálans, að fullorðnir eigi að hlusta á það sem hún hefur til málanna að leggja og að taka eigi mark á því sem hún er að segja.

Nemendur í 4. bekk, óháð skóla, höfðu sterka tilfinningu fyrir því sem þeir töldu vera sanngjarnt þegar þeir voru spurðir um jafnan rétt barna. Þau vísuðu þá ýmist til jafnra réttinda allra eða réttinda einstakra barna í samanburði við önnur. Þau litu svo á að jafn réttur allra barna sé sjálfsagður og að öll börn séu jafn mikilvæg.

Jóna, nemandi í 4. bekk, sem ekki gengur í réttindaskóla, útskýrði fyrir rannsakanda hvaða merkingu hún lagði í jafnan rétt barna. Hún segir um það að ef hún ætti trampólín þá ætti Siggi kannski fótboltamark. Þannig ættu þau ekki sama hlutinn en hefðu bæði eitthvað skemmtilegt að gera.

Niels í 4. bekk, sem ekki er nemandi í réttindaskólanum, útskýrði einnig fyrir rannsakanda hvaða merkingu hann lagði í jafnan rétt barna og segir: „Ekkert barn er flottara eða betra en eitthvað annað barn ... Börn eiga öll að vera jöfn og ekkert barn á að fá minni virðingu en eitthvað annað barn.“ Í þessu kemur fram að Jóna og Niels virðast bæði skilja mikilvægi jafns réttar og nefna hvort um sig ólík dæmi þar að lútandi.

Af svörum barnanna má ráða að þau búa yfir sterkri réttlætiskennd og að fræðsla um Barnasáttmálann hafi skilað sér til þeirra í meiri orðaforða og auknum skilningi á réttindum sínum. Ekki síður er mikilvægt að reynsla barna af þátttöku sé í samræmi við þann rétt. Í viðtölum var rætt um þátttöku barnanna í ákvörðunum og gáfu þau í því skyni dæmi um gerð bekkjarsáttmála.

Reynsla barnanna af gerð bekkjarsáttmála

Á hverju hausti býr hver bekkur, í öllum skólunum, til bekkjarsáttmála en mismunandi er eftir bekkjum og skólum hvernig hann er útfærður hverju sinni. Bekkjarsáttmálinn gengur út á að búa til ákveðnar reglur sem allir nemendur innan bekkjarins eiga að fylgja og miðuðu reglurnar oftast en ekki að virðingu og kurteisi.

Fram kom í útskýringum barna á gerð bekkjarsáttmála og sambærilegum verkefnum innan skólans að upplifun barnanna var örlítið ólíkt eftir aldri og því hvort skóli var réttindaskóli eða ekki og þótti rétt að draga fram helstu þræði þar. *Töflu 2* er ætlað að útskýra hvaða munur er á gerð bekkjarsáttmála eftir því í hvaða bekk börnin eru og eftir því hvaða skóla börnin gengu í. Samanburður var ekki upprunalegt markmið en í þessari rannsókn er fjallað sérstaklega um réttindaskólann þar sem ætla má að ávinningur liggi í réttindafræðslunni sem nemendur innan hans hafa hlotið.

Tafla 2. Gerð bekkjarsáttmála.

Bekkur	Réttindaskóli	Ekki réttindaskóli
4. bekkur	Upplifa að skoðanir þeirra og sjónarmið hafi vægi þegar kemur að ákveðnum verkefnum innan veggja skólans.	Upplifa að skoðanir þeirra og sjónarmið hafi vægi þegar kemur að ákveðnum verkefnum innan veggja skólans.
8. bekkur	Upplifa að þau séu hluti af ákvarðanatöku þegar kemur að gerð bekkjarsáttmála, upplifa ekki stjórnun af hendi kennara.	Upplifa að sjónarhorn þeirra hafi ekki raunverulegt vægi og að þátttaka þeirra sé táknræn.

Börnin í 8. bekk, innan réttindaskólans, útskýrðu fyrir rannsakanda að bekkjarsáttmálinn væri búinn til með aðstoð kennarans. Þau lýstu þátttöku sinni á þann hátt að allir nemendur fái tækifæri til að koma með hugmyndir að reglu fyrir bekkjarsáttmálann og að kennarinn skrifi allar hugmyndirnar upp á töflu. Þegar allir höfðu sagt sína skoðun á bekkjarsáttmálanum voru hugmyndirnar teknar saman og þær sem best áttu við urðu fyrir valinu. Aðspurð voru börnin sammála um að allir innan bekkjarins fengju tækifæri til að tjá sig, samþykktu reglurnar og að þeim fylgt eftir.

María nemandi í 8. bekk, í réttindaskólanum, útskýrði fyrir rannsakanda hvernig bekkjarsáttmálinn varð til með þessum orðum. „Síðan fórum við alls konar hugmyndir sem eru settar saman í eina setningu eins og var gert í ár.“ Karl, samnemandi Maríu, skýtur inn í: „Já, þetta [bekkjarsáttmálinn] eru nokkrar setningar.“

Börnin upplifa að þau séu hluti af ákvarðanatöku þegar kemur að gerð bekkjarsáttmálans þrátt fyrir að aðeins þær hugmyndir sem eigi best við verði fyrir valinu. Þau upplifa ekki stjórnun af hendi kennarans, þrátt fyrir að hann aðstoði þau við að búa hann til. Þátttaka barnanna mætir því ákvæðum Barnasáttmálans samkvæmt þátttökustiga Shier (2001).

Börnin í 8. bekk sem ekki gengu í réttindaskóla útskýrðu fyrir rannsakanda að þau kæmu með reglur og kennarinn bæði þau að færa rök fyrir mikilvægi hverrar reglu sáttmálans. Börnin lýstu þátttöku sinni á þann hátt að rökstuðningur þeirra fyrir reglum, sjónarmið þeirra og skoðanir væru skotnar niður og gagnrýndar á harkalegan hátt. Fram kom að börnin upplifðu þátttökuna einungis táknræna og á forsendum hins fullorðna en ekki raunverulega. Börnunum fannst þá að kennarinn ákvæði að reglan væri ekki í samræmi við þær reglur sem hann vildi hafa í skólastofunni og óskaði eftir því að einhver annar kæmi með hugmyndir. Að mati barnanna virtist kennarinn því vera að fiska eftir tilteknu svari. Nemendurnir virtust því ekki vera hluti af þeirri ákvörðun sem var tekin þar sem kennarinn valdi bestu reglurnar. Fram fór kosning um reglurnar þar sem meirihlutinn fékk að ráða en börnin sáu í gegnum táknræna þátttöku kennarans þrátt fyrir frumkvæði hans til að reyna að fá fram þær reglur sem hann vildi hafa í skólastofunni. Upplifun margra þeirra var að ekki væri tekið nægilegt tillit til skoðana þeirra við gerð bekkjarsáttmálans.

Signý í 8. bekk, sem ekki gengur í réttindaskóla, lýsti skoðun sinni á gerð bekkjarsáttmála fyrir rannsakanda með svipbrigðum sem gáfu til kynna að hún væri ósátt. Hún segir: „Allavega ég gerði bara eitthvað sem ég hélt að kennarinn yrði ekki pirraður á okkur. Þetta er samt svo heimskulegt, getum við ekki bara valið þetta saman og fengið að segja okkar skoðun.“ Signýju fannst hún því ekki eiga hlut í ákvörðunum, þrátt fyrir að leitað hafi verið eftir sjónarmiðum hennar. Lúkas, samnemandi Signýjar, tekur í sama streng og bætir við: „Já, ég gerði bara eitthvað sem kennararnir myndu samþykkja en veit samt að það er enginn að fara að fylgja því ... ég skil ekki, af hverju vilja þau fá okkar skoðun ef það er ekki tekið mark á henni?“

Signý og Lúkas vildu bæði taka þátt í að gera bekkjarsáttmálann en sáu svo ekki tilgang með því þegar þau upplifðu að þeirra sjónarmið höfðu ekki raunverulegt vægi. Þeim fannst verklag kennarans „heimskulegt“ og völdu því einhverjar reglur sem þau töldu þóknast kennaranum, meðvituð um að þeirra tillögum yrði ekki fylgt. Þegar hvorki var hlustað á þau né virðing borin fyrir því sem þau

höfðu til málanna að leggja dró úr virðingu þeirra fyrir kennaranum.

Reynsla nemenda í 4. bekk var óháð því hvort þau voru í réttindaskóla eða ekki og var ólík reynsla hinna eldri. Þeim fannst skoðanir og sjónarmið nemenda 4. bekkjar hafa vægi innan veggja skólans þegar kom að ákveðnum verkefnum og upplifðu þau valdajafnvægi frekar en misvægi við þær aðstæður.

Þátttakendur í 4. bekk lýstu fyrir rannsakanda aðkomu nemenda að bekkjarsáttmálanum þar sem hver og einn þátttakandi áttaði sig á hver tók ákvörðun um aðkomu þeirra og hvers vegna. Við gerð bekkjarsáttmálans gegna börnin þýðingarmiklu hlutverki og bjóða fram þátttöku sína. Andrés útskýrir gerð bekkjarsáttmálans og segir: „Við fundum bara nöfn eins og spilarinn og eitthvað ... og svo sögðum við henni [kennaranum] hvað hún gæti gert ... en hún gaf okkur samt pínulítið hugmyndir ... en við bjuggum þetta til og hjálpuðumst að.“

Samkvæmt Andrési og samnemendum hans eru þau hluti af ákvarðanatökunni ásamt kennaranum. Bekkjarsáttmálinn er unnin í sameiningu þar sem nemendurnir hafa frumkvæði. Ragnar lýsir þessu svona fyrir rannsakanda: „Við öll, við ákveðum hann saman ... við finnum öll svona orð, eins og til dæmis kurteisi, virðing og tillitssemi ... svo veljum við hvað okkur finnst best, öllum bekknum og svo veljum við það og það er bekkjarsáttmáli.“

Nemendur komu þannig með hugmyndir að orðum eða nöfnum með aðstoð kennarans. Aðspurð hvort þau fylgdu þessum tilteknu reglum eftir svöruðu þau játandi. Svar þeirra gaf til kynna að þegar þau tækju þátt í ákvörðun teldu þau sig líklegri til að framfylgja henni. Til að komast að raun um hvort svo er þyrfti að athuga með öðrum aðferðum en hér var beitt.

Umraða

Nú þegar aukin áhersla er lögð á að auka vægi Barnasáttmálans í lífi og starfi barna á vegum íslenskra stjórnvalda er brýnt að fyrir liggi vitneskja um hvernig börn meta lýðræðislega þátttöku sína og hversu vel þau þekkja og skilja réttindi sín. Þessari rannsókn var ætlað að rýna í þessi atriði og öðlast innsýn í dæmi um ávinning af fræðslu um réttindi barna í skóla um þetta efni.

Þekking barna á Barnasáttmálanum

Þekking barna sem þátt tóku í rannsókninni á Barnasáttmálanum birtist í útskýringum þeirra á grundvallarmannréttindum, lýðræðisákvæði sáttmálans og hugtökunum réttindi og forréttindi. Auk þess birtist þekking barnanna í túlkun þeirra á mikilvægi þess allir einstaklingar, óháð aldri, þekki til réttinda barna en börnin í 4. bekk höfðu sterka tilfinningu fyrir því sem þau töldu vera sanngjarnt.

Þátttakendur, óháð aldri og skóla, kunnu skil á innihaldi þeirra réttinda sem Barnasáttmálinn tilgreinir en sú niðurstaða er ekki í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna sem sýna að minnihluti barna sé meðvitaður um réttindi sín (Ursin og Haanpää, 2018). Algengt var að börnin ættu erfitt með að setja þekkingu sína í orð en gagnlegt getur verið vinna með myndrænt efni sem hjálpar börnum að tjá skilning sinn á flóknum hugtökum líkt og fram kom í þessari rannsókn. Myndirnar hjálpuðu börnunum að skilja spurningar og tjá sig um efnið.

Töluverður munur var á útskýringum nemenda á Barnasáttmálanum og réttindum eftir því hvort þau voru í réttindaskóla eða ekki. Þátttakendur innan réttindaskólans höfðu meiri fræðslu en nemendur sem ekki gengu í réttindaskóla og skilaði það sér í betri orðaforða til að útskýra hugtök tengd mannréttindum og réttindum barna. Rétt er að hafa í huga við túlkun niðurstaðna að rannsóknin er gerð á tímum heimsfaraldursins COVID-19 og að tiltölulega stutt er síðan réttindaskólinn hóf innleiðingu sína á Barnasáttmálanum. Búast má við að með tímanum skili fræðslan enn meiri skilningi.

Nemendur í 4. bekk, innan réttindaskólans, gerðu greinarmun á réttindum sínum og forréttindum, samanber frásögn Vigfúsar þar sem hann útskýrði sinn skilning á hugtökunum á greinargóðan hátt. Álykta má að fræðsla um Barnasáttmálann og réttindi honum tengd leiki stórt hlutverk en rannsóknir hafa gefið til kynna að börn sem fá réttindafræðslu hafi meiri þekkingu en aðrir á réttindum sínum og annarra ásamt að þau sýni minnihlutahópum og fjölbreytileika meiri stuðning og virðingu (Culhane og McGeough, 2020; Jerome o.fl., 2015). Þá töldu nemendurnir, samanber frásögn Magneu og Jónínu, mikilvægt að allir einstaklingar, óháð aldri, þekki til réttinda barna til að börn sem og fullorðnir geti staðið vörð um þau. Að því sögðu þarf fræðsla um Barnasáttmálann og réttindi barna að vera markviss og stöðug til að hún skili sér sem þekking til barna og fullorðinna. Mikilvægt er að forsjáradilar og aðrir sem koma að uppeldi barna ræði, útskýri og leiðbeini til að börn leggi skilning í eigin réttindi og annarra. Brýnt er að auka skilning á sjónarmiðum barna um aðkomu þeirra að ákvörðunum og lýðræðislegri þátttöku. Enn fremur er mikilvægt að þekkja hvernig fræðsla um réttindi samkvæmt Barnasáttmálanum skilar sér til barna og hvernig þau skilja ákvæði hans.

Með lýðræðisákvæði Barnasáttmálans er undirstrikað að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með skoðanir og réttindi sem ber að virða (Umboðsmaður barna, 2019; Þórhildur Líndal, 2007b). Velta má fyrir sér hvort börn geti verið fyrirmyndir og að samfélagið gæti lært af þeim. Kom það greinilega fram í viðtölunum að börnin hafa ákveðið og skýrt sjónarhorn á réttindi sín og annarra, ásamt að búa yfir getu og færni til að láta skoðanir sínar í ljós, samanber frásögn Uglu, nemanda í 8. bekk, þar sem hún áttar sig á rétti sínum.

Rannsókn Ursin og Haanpää (2018) bendir til að börn allt frá níu ára aldri hafi grunnskilning á mannréttindum. Aftur á móti er settur fyrirvari um að þau geti orðað þekkingu sína eins og fullorðnir en börn nota yfirleitt ekki óhlutstæð hugtök, líkt og jafnrétti og lýðræði. Nemendur í 4. bekk, sem ekki gengu í réttindaskóla, eru hér gott dæmi. Þeir höfðu sterka tilfinningu fyrir því sem þeir töldu vera sanngjarnt þegar þeir voru spurðir um jafnan rétt barna og vísuðu ýmist til jafnra réttinda allra barna eða réttinda einstakra barna í samanburði við önnur börn, samanber frásögn Jónu og Nielsar. Hugsun þeirra um jafnan rétt barna er einföld en til staðar. Með fræðslu væri hægt að dýpka skilning þeirra og því er hún mikilvægt verkfæri í átt að aukinni þekkingu barna sem og fullorðinna á Barnasáttmálanum og réttindum barna.

Táknræn þátttaka í skólanum

Eins og fram kom í niðurstöðukaflanum var mismunandi á milli skóla og bekkja hvort þátttakendur upplifðu að þau væru þátttakendur í ákvörðunum í skólanum, sérstaklega þegar kom að gerð bekkjarsáttmála. Frásögn Signýjar og Lúkasar, sem ekki ganga í réttindaskóla, um gerð bekkjarsáttmála í 8. bekk gaf til kynna táknræna þátttöku samkvæmt þátttökustiga Hart (1992), þar sem hinir fullorðnu telja að verkefni sé í þágu barna. Þetta gefur til kynna að starfsfólk skólans setji sig í valdastöðu gagnvart börnum í 8. bekk sem ekki ganga í réttindaskólann. Niðurstaðan er í samræmi við fyrri skrif Ólafs Páls Jónssonar (2011, 2015) og Sigrúnar Aðalbjarnardóttur og Evu Harðardóttur (2012) um að lýðræði virðist takmarkað og yfirborðskennt í daglegu skólastarfi þar sem kennarinn er ekki jafningi nemenda og að langanir þeirra og óskir hafi takmarkað vægi. Samkvæmt rannsóknnum hefur þessi tiltekna valdastaða áhrif á hljómgrunn radda og þátttöku barna innan menntakerfisins (Diemer, 2012; Hart, 1992; Thornberg og Elvstrand, 2018).

Þátttakendur í 8. bekk, sem ekki ganga í réttindaskóla, ræddu virðingu og sögðu að þegar fullorðnir einstaklingar í skólanum efuðust um skoðanir þeirra eða ákvarðanir drægi það úr virðingu þeirra í garð viðkomandi. Signý og Lúkas upplifa ekki að raddir þeirra og sjónarmið hafi raunverulegt vægi en vanvirðing við sjónarmið og raddir barna getur, samkvæmt rannsóknnum, dregið úr hvatningu þeirra til að læra um og beita lýðræði (Lundy, 2007; Murray, 2019). Álykta má að Signý og Lúkas upplifi valdaleysi þar sem skoðunum þeirra er mætt með gagnrýni og höfnun, þau misstu því áhugann á að vera hluti af ákvörðuninni. Ljóst er að nemendum á þessum aldri er fullljóst hvenær aðild þeirra að ákvörðunum er táknræn og hvenær raunveruleg. Er þetta mikilvæg brýning til allra þeirra sem vinna með börnum að taka skoðanir þeirra og sjónarmið alvarlega.

Þátttakendur í 8. bekk í réttindaskólanum gáfu til kynna að þau tækju þátt í gerð bekkjarsáttmálans. Þau áttuðu sig á því af hverju sáttmálinn er búinn til og hverjir hafi aðkomu að ákvörðuninni og því er þátttaka þeirra jákvæð samkvæmt þátttökustiga Hart (1992). Fellur þátttaka þeirra undir sjötta þrep stigans, þar sem kennarinn hefur frumkvæði að gerð bekkjarsáttmálans en ákvarðanir eru sameiginlegar. Þátttaka þeirra mætir því í öllum tilvikum ákvæði Barnasáttmálans samkvæmt þátttökustiga Shier (2001). Upplifun þátttakenda í 4. bekk, óháð skóla, gaf einnig til kynna þátttöku samkvæmt sjötta þrepi í þátttökustiga Hart (1992). Segja má að þessar niðurstöður samræmist könnun Íslenskra æskulýðsrannsókna (Ársæll Arnarsson o.fl., 2022), þó ekki réttindaskólans, þar sem fram kemur að einungis 49% barna á landsvísu telja sig taka þátt í reglum sem gilda fyrir bekkinn. Þá voru 39% barna ekki viss um þátttöku sína í gerð bekkjarsáttmála (Ársæll Arnarsson o.fl., 2022). Hafa þarf í huga að mælingar þarf að endurtaka yfir lengri tíma og setja í margs kyns samhengi til að hægt sé að álykta sterklega út frá þeim. Mikilvægt er að fylgja rannsóknum á þátttöku í gerð skólareglna og bekkjarsáttmála eftir.

Fyrri rannsókn bendir til þess að raddir yngri barna hafi minna vægi í skólanum en raddir eldri barna (Thornberg og Elvstrand, 2018) sem er á skjön við niðurstöður okkar rannsóknar þar sem upplifun yngri barna af gerð bekkjarsáttmála var jákvæðari en þeirra eldri. Hér geta vissulega margir þættir haft áhrif og ber að hafa í huga að hér eru einungis dregin upp fá dæmi. Hægt er að velta fyrir sér hvort börn í 4. bekk hafi aðrar væntingar og beri meira traust til kennarans en eldri börnin vegna aldurs- og þroskamunar (Adler o.fl., 2019). Þá þarf einnig að hafa í huga að kennsluhættir geta verði mismunandi á milli kennara auk fjölbreytni nemendahópa. Ólíkur bakgrunnur getur samkvæmt rannsóknum haft áhrif á hve mikinn hljómgrunn raddir barna fá í samfélaginu (Hart, 1992; Diemer, 2012; Pfanzelt og Spies, 2018; Rosenberg, 2013) og er skólastofan hér ekki undanskilin.

Niðurlag

Þrátt fyrir að börn noti ekki flókin orð sem tengjast réttindum barna hafa þau sterka tilfinningu fyrir því sem er sanngjarnt og eru það skoðanir sem vert er að hlusta á. Börn þurfa að fá rými til tjáningar og frelsi til að láta raddir sínar heyrast þegar þau hafa óbilandi trú á eigin getu. Hlusta þarf á skoðanir þeirra, bregðast við þeim og viðurkenna börn sem þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi. Börn bera sérstaka ábyrgð og móta samfélagið bæði í nútíð og til framtíðar. Því þarf markvisst að veita börnum tækifæri til að koma hugsunum sínum í orð.

Álykta má að fræðsla sé mikilvæg forsenda þess að innleiðing Barnasáttmálans nái fram að ganga og er það von okkar að þetta verkefni stuðli að jákvæðara viðhorfi til skoðana barna og að það leiði til fleiri rannsókna á þessu sviði.

Innsýn í skilning og sýn barna á Barnasáttmálann og áhrif af fræðslu um hann er einn helsti kostur þessarar rannsóknar þar sem raddir og sjónarmið hvers einasta þátttakanda hafði vægi. Leitast var við að börnin sem tóku þátt fengju óhikað, óháð aðstæðum og atgervi, að segja sína skoðun án þess að eiga á hættu höfnun, gagnrýni eða mismunun af einhverju tagi. Einnig hefur sveigjanleiki aðferðarinnar sem varð fyrir valinu þann kost að hún endurspeglar á ítarlegan hátt sjónarmið og viðhorf barna. Rannsóknin er lítil, takmarkast við fjölda viðtala og þátttakenda og endurspeglar einungis raddir barna í 4. og 8. bekk í þeim skólum sem tóku þátt í rannsókninni.

Tokenism or actual participation of primary school children: Children's views on their democratic participation at school

The United Nations Convention on the Rights of the Child (UNCRC) is an international human rights agreement concerning children. It embodies the idea that every child should be recognised, respected, and protected as a rights holder and a unique and valuable human being. All rights are important and cannot be taken away.

According to article twelve in the UNCRC, children have the right to give their opinions freely on issues that affect them, and adults should listen and take children seriously. Scholars believe that article twelve is the most tenuous children's right. Research shows that most children do not know their rights and do not necessarily voice them as adults do. Despite that, decisions relating to children's matters are often made without consulting with them.

Increasing emphasis is placed on the rights and participation of children. Still, to ensure their rights under the convention, it is important that everyone, children, and adults, know about it. By 2030, all local authorities in Iceland should have started the implementation of the UNCRC. One way is to use UNICEF's concept of Rights Respecting School. A Right Respecting School is a community where children's rights are learned, taught, practised, respected, protected, and promoted. According to research, the implementation of the UNCRC does have a positive effect on all aspects of school life; children become more engaged in school decision-making. In addition, research shows that children have more positive attitudes toward diversity in society.

This study aims to shed light on children's experience and knowledge of democratic participation and to research the benefits of education about UNCRC in schools. Participants in the study were 43 students in 4th and 8th grade, attending four primary schools in Akureyri and Eyjafjarðarsveit, who participated in focus group interviews consisting of 5–6 in each group. Thematic analysis was used to analyse the data by reading, rereading, and systematically coding interviews. This analysis revealed two themes: knowledge of the United Nations Convention on the Rights of the Child and the children's experience of creating a class agreement.

The main results of this study are that when participants are taught the content of the rights granted by the Convention on the Rights of the Child and seem to understand it. The children participating did not always understand where their knowledge came from and, in some cases, had difficulty putting their thoughts into words. From their point of view, all children, regardless of circumstances and abilities, should be equal and therefore equally important. Participants who attended schools that were part of UNICEF's Rights Respecting School had a greater understanding of human rights and a better vocabulary to explain terms related to children's rights. Also, students in 4th grade could distinguish between their rights and privileges.

Every fall, each class in all the schools creates a class agreement, but how the agreement is implemented varies by class and school. Children in 4th grade, regardless of school, and in 8th grade in the Right Respecting School felt their voices were heard regarding the class agreement. Meanwhile, the children in 8th grade who were not in the Right Respecting School felt their thoughts and opinions were not respected.

It can be concluded that education is the foundation for implementing the UNCRC. Therefore, everyone must know children's rights so their voices can be given weight within society.

Key words: The United Nations Convention on the Rights of the Child, children's rights, children's participation, Right Respecting School, democracy

Um höfunda

Elín Helga Björnsdóttir (elinhelgab@gmail.com) lauk BA-gráðu í félagsvísindum árið 2019 og MA-gráðu í uppeldis- og menntunarfræði árið 2021. Elín Helga hefur starfað innan frístundageirans þar sem hún hóf innleiðingu Barnasáttmálans en starfar nú sem verkefnastjóri barnvæns sveitarfélags í Hafnarfirði. Greinin er unnin upp úr meistararitgerð Elínar Helgu.

Eyrún María Rúnarsdóttir (emr@hi.is) er lektor í uppeldis- og menntunarfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Rannsóknir hennar beinast að börnum og unglingum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, líðan þeirra, vinatengslum og félagslegum stuðningi frá vinum og foreldrum. Eyrún lauk BA-gráðu í uppeldis- og menntunarfræði árið 1996 og meistaragráðu í sömu grein árið 2002 frá Háskóla Íslands. Þá lauk hún doktorsgráðu frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands árið 2019. Eyrún leiðbeindi Elínu Helgu í meistaraverkefni hennar sem var grunnur þessarar greinar.

Guðrún Kristinsdóttir (gkristd@hi.is) er prófessor emerita og starfar við rannsóknir á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Sérsvið eru eigindleg aðferðafræði rannsókna, börn og samfélag, bernskufræði, gagnrýnin kynjafræði, ofbeldi gegn börnum og fjölskyldum í nánum samböndum, m.a. ofbeldi karla gegn konum. Hún hefur einnig skrifað um þátttöku barna í rannsóknum. Guðrún leiðbeindi Elínu Helgu í meistaraverkefni hennar sem var grunnur þessarar greinar.

About the authors

Elín Helga Björnsdóttir (elinhelgab@gmail.com) completed a bachelor degree in social sciences in 2019 and a master's degree in pedagogy and education in 2021. Elín Helga has worked in leisure centers where she began the implementation of the Convention of the Rights of the Child but now works as a project manager for child-friendly municipalities in Hafnarfjörður.

Eyrún María Rúnarsdóttir (emr@hi.is) is an assistant professor of education studies at the School of Education, University of Iceland. Her research is focused on children and adolescents of diverse linguistic and cultural backgrounds, their social relationships and well-being in relation to their sociodemographic background and social support. Eyrún completed a bachelor's degree in education studies in 1996 and a master's degree in the same subject in 2002 from the University of Iceland. She completed her PhD degree from the School of Education in 2019.

Guðrún Kristinsdóttir (gkristd@hi.is) is professor emerita at The Faculty of Education and Diversity, School of Education, University of Iceland. Research areas: Qualitative research methodology, children and society, childhood studies, critical gender studies, violence against children and in intimate relationships, families and domestic violence.

Heimildir

- Aasebø, T. S. og Willbergh, I. (2022). Empowering minority students: A study of cultural references in the teaching content. *Journal of Curriculum Studies*, 54(5), 618–631. <https://doi.org/10.1080/00220272.2022.2095877>
- Adler, K., Salanterå, S. og Zumstein-Shaha, M. (2019). Focus group interviews in child, youth and parent research: An integrative literature review. *International Journal of Qualitative Methods*, 18, 1–15. <https://doi.org/10.1177/1609406919887274>
- Arnstein, S. R. (1969). A ladder of citizen participation. *Journal of the American Planning Association*, 35(4), 216–224.
- Ársæll Arnarsson, Hans Haraldsson, Ingibjörg Kjartansdóttir, Unnar Geirdal og Ólöf Ragna Einarsdóttir. (2022). *Íslenska æskulýðsrannsóknin* [óútgefin skýrsla]. Menntavísindastofnun Háskóla Íslands.
- Bandura, A. (1977). *Social learning theory* (1. útgáfa). Prentice-Hall.
- Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna. (e.d.). Réttindaskóli UNICEF. UNICEF. <https://unicef.is/hvad-er-rettindaskoli>
- Barnaréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna. (2022). *Concluding observation on the combined fifth and sixth periodic reports of Iceland*. <https://digitallibrary.un.org/record/3978323?ln=en>
- Barnvæn sveitarfélög. (e.d.). *Sveitarfélög með réttindi barna að leiðarljósi*. <http://barnvaensveitarfelog.is/>
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. SAGE.
- Cahill, H. og Dadvand, B. (2018). Re-conceptualising youth participation: A framework to inform action. *Children and Youth Service Review*, 95, 243–253. <https://doi.org/10.1016/j.childyouth.2018.11.001>
- Case, K. A., Iuzzini, J. og Hopkins, M. (2012). Systems of privilege: Intersections, awareness and applications. *Journal of Social Issues*, 68(1), 1–10. <https://doi.org/10.1111/j.1540-4560.2011.01732.x>
- Culhane, L. og McGeough, E. (2020). *Respect, equality, participation: Exploring human rights education in Great Britain. Equality and human rights commission*. https://www.equalityhumanrights.com/sites/default/files/respect_equality_participation_exploring_human_rights_education_in_great_britain.pdf
- Dewey, J. (1944). The democratic faith and education. *The Antioch Review*, 4(2), 274–283. <https://doi.org/10.2307/4609010>
- Dewey, J. (2000). *Hugsun og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands (frumútgáfa 1910).
- Diemer, M. A. (2012). Fostering marginalized youths' political participation: Longitudinal roles of parental political socialization and youth sociopolitical development. *American Journal of Community Psychology*, 50(1-2), 246–256. <https://doi.org/10.1007/s10464-012-9495-9>
- Dockett, S., Jóhanna Einarsdóttir og Perry, B. (2009). Researching with children: Ethical tension. *Journal of Early Childhood Research*, 7(3), 283–298. <https://doi.org/10.1177/1476718X09336971>
- Fleming, J. (2013). Young people's participation – where next? *Children & Society*, 27(6), 484–495. <https://doi.org/10.1111/j.1099-0860.2012.00442.x>
- France, A., Bendelow, G. og Williams, S. (2000). A 'risky' business: Researching the health beliefs of children and young people. Í A. Lewis og G. Lindsay (ritstjórar), *Researching children's perspectives* (bls. 150–161). Open University Press.
- Garcia-Quiroga, M. og Agoglia, I. S. (2020). Too vulnerable to participate? Challenges for meaningful participation in research with children in alternative care and adoption. *International Journal of Qualitative Methods*, 19, 1–11. <https://doi.org/10.1177/1609406920958965>
- Gordon, T. (1975). *P.E.T.: Parent effectiveness training: The tested new way to raise responsible children*. Penguin Books.
- Guðmundur Evar Oddsson. (2019). Hugmyndir um stéttleysi. *Íslenska þjóðfélagið*, 2, 27–46. <https://opinvisindi.is/bitstream/handle/20.500.11815/2181/Hugmyndir%20um%20st%C3%A9ttleysi%20%C3%8Dslendinga.pdf?sequence=1&isAllowed=y>
- Guðrún Kristinsdóttir. (2014). Ofbeldi á heimilum: Leitað til barna og unglinga. Í Guðrún Kristinsdóttir (ritstjóri), *Ofbeldi á heimilum: Með augum barna* (bls. 17–59). Háskólaútgáfan.

- Guðrún Kristinsdóttir. (2017). *Páttaka barna í vísindarannsóknunum: Almenn leiðsögn*. https://www.hi.is/sites/default/files/sverring/thattaka_barna_i_rannsoknum.pdf
- Hancock, D. R. og Algozzine, B. (2011). *Doing case study research: A practical guide for beginning researchers*. Teachers College Press.
- Hanna Björg Sigurjónsdóttir. (2006). Valdeffling: Glíma við margrætt hugtak. Í Rannveig Traustadóttir (ritstjóri), *Förlun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði* (bls. 66–80). Háskólaútgáfan.
- Hart, R. A. (1992). *Children's participation from tokenism to citizenship*. UNICEF.
- James, A. og James. A. (2012). Key concepts in childhood studies. SAGE.
- Jerome, L., Emerson, L., Lundy, L. og Orr, K. (2015). *Teaching and learning about child rights: A study of implementation in 26 countries*. UNICEF. <https://www.unicef.org/media/63086/file/UNICEF-Teaching-and-learning-about-child-rights.pdf>
- Jóhanna Einarsdóttir. (2012). Raddir barna í rannsóknum. Í Jóhanna Einarsdóttir og Bryndís Garðarsdóttir (ritstjórar), *Raddir barna* (bls. 13–27). Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Kr. Arnberg Gísladóttir, Guðrún Kristinsdóttir og Amalía Björnsdóttir. (2015). Voruð þið að tala um mig? Um nemendavernd í grunnskólum. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/006.pdf>
- Lansdown, G. (2011). *Every child's right to be heard: A resource guide on the UN committee on the rights of the child general comment no. 12*. Save the Children UK.
- Lundy, L. (2007). 'Voice' is not enough: Conceptualising article 12 of the United Nations convention on the rights of the child. *British Educational Research Journal*, 33(6), 927–942. <https://doi.org/10.1080/01411920701657033>
- Lundy, L. (2012). Children's rights and educational policy in Europe: The implementation of the United Nations convention on the rights of the child. *Oxford Review of Education*, 38(4), 393–411. <https://doi.org/10.1080/03054985.2012.704874>
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.
- Mannréttindaskrifstofa Íslands. (e.d.). *Hvað eru mannréttindi?* <https://www.humanrights.is/is/spurningar-og-svor/hvad-eru-mannrettindi>
- Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, Inngangur/1948/2008.
- McMellon, C. og Tisdall, M. K. E. (2020). Children and young people's participation rights: Looking backwards and moving forward. *International Journal of Children's Rights*, 28, 157–182. <https://doi.org/10.1163/15718182-02801002>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla 2011: Almennur bluti*.
- Murray, J. (2019). Hearing young children's voices. *International Journal of Early Years Education*, 27(1), 1–5. <https://doi.org/10.1080/09669760.2018.1563352>
- Ólafur Páll Jónsson. (2011). *Lýðræði, réttlæti og menntun: Hugleiðingar um skilyrði mennskunnar*. Háskólaútgáfan.
- Ólafur Páll Jónsson. (2015). Þverstæðan um lýðræðislegt skólastarf. *Uppeldi og menntun*, 24(2), 57–74. <https://timarit.is/page/6370664#page/n55/mode/2up>
- Parkes, A. (2013). *Children and international human rights law*. Routledge.
- Pfanzelt, H. og Spies, D. C. (2018). The gender gap in youth political participation: Evidence from Germany. *Political Research Quarterly*, 72(1), 34–48. <https://doi.org/10.1177/1065912918775249>
- Ragný Þóra Guðjohnsen og Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2016). Uppeldisaðferðir foreldra og viðhorf ungmenna til virkrar borgaralegrar þátttöku fólks. Í Guðrún Kristjánsdóttir, Sigrún Aðalbjarnardóttir og Sóley S. Bender (ritstjórar), *Ungt fólk – tekist á við tilveruna* (bls. 265–286). Hið íslenska bókmenntafélag.
- Rees, G. og Main, G. (2016). *Children's views on their lives and well-being in 16 countries: A report on the children's world survey of children aged eight years old 2013–15*. <http://eprints.whiterose.ac.uk/95207/1/8year-soldreport.pdf>
- Rossenberg, S. (2013). *LGBTI children in the Netherlands: Report on the environment and rights of forgotten group and vulnerable children*. <https://www.coc.nl/wp-content/uploads/2015/10/LGBTI-Childrens-rights-ENG.pdf>

- Shier, H. (2001). Pathways to participation: Openings, opportunities and obligations. *Children and Society*, 15(2), 107–117. <https://doi.org/10.1002/CHI.617>
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja: Ákall 21. aldar*. Heimskringla.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2011). *Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi*. Rannsóknarsetrið Lífshættir barna og ungmenna; Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands; Menntavísindastofnun Háskóla Íslands.
- Sigrún Aðalbjarnardóttir og Eva Harðardóttir. (2012). Lýðræðislegar bekkjarumræður og viðhorf til réttinda innflytjenda: Sýn nemenda. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012*. <https://netla.hi.is/serrit/2012/menntakvika2012/013.pdf>
- Silverman, D. (2013). *Doing qualitative research* (4. útgáfa). SAGE.
- Stjórnarráð Íslands. (e.d.). *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/mannrettindi-og-jafnretti/mannrettindi/althjodlegir-mannrettindasamningar/barnasattmalinn/>
- Stjórnarráð Íslands. (2020, 22. október). *Mikill áhugi á Barnasáttmála*. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/10/22/Mikill-ahugi-a-Barnasattmala-/>
- Thomas, P. N. (2007). Toward a theory of children's participation. *International Journal of Children's Rights*, 15, 199–218. <https://doi.org/10.1163/092755607X206489>
- Thornberg, R. og Elvstrand, H. (2018). Children's experiences of democracy, participation, and trust in school. *International Journal of Education Research*, 53, 44–54. <https://doi.org/10.1016/j.ijer.2011.12.010>
- Umboðsmaður barna. (2003). *Skundum á Þingvöllum: Málþing um börn, unglinga og lýðræði*. https://rafhladan.is/bitstream/handle/10802/9090/skyrsla-skundum_a_thingvoll_2003.pdf?sequence=1
- Umboðsmaður barna. (2019). *Skýrsla umboðsmanns barna. Lögð fram á barnaþingi, 21.–22. nóvember 2019*. <https://www.barn.is/media/skyrslur/skyrsla-ub-fyrir-barnathing.pdf>
- UNICEF. (e.d.). *Hvað er réttindaskóli og frístund Unicef?* <https://unicef.is/hvad-er-rettindaskoli>
- UNICEF. (2012). *The state of the world's children 2012: Children in an urban world*.
- Ursin, P. og Haanpää, L. (2018). Comparative study of children's rights awareness in 16 countries. *Child Indicators Research*, 11(5), 1425–1443. <https://doi.org/10.1007/s12187-017-9508-1>
- Weger, H., Bell, G. C., Minei, M. E. og Robinson, M. C. (2014). The relative effectiveness of active listening in initial interactions. *International Journal of Listening*, 28(1), 13–31. <https://doi.org/10.1080/10904018.2013.813234>
- Þingskjal nr. 151/2020–2021. Tillaga til þingsályktunar um Barnvænt Ísland – framkvæmd Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Þórdís Þórðardóttir. (2014). Að læra til telpu og drengs: Kynjaðir lærdómar í leikskóla. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012*. <https://netla.hi.is/serrit/2012/menntakvika2012/016.pdf>
- Þórhildur Líndal. (2007a). *Skýrsla um dóma Mannréttindadómstóls Evrópu þar sem vísað er til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, o.fl.* Stjórnarráð Íslands.
- Þórhildur Líndal (ritstjóri). (2007b). *Barnasáttmálinn*. Oddi.



Elín Helga Björnsdóttir, Eyrún María Rúnarsdóttir og Guðrún Kristinsdóttir. (2023).

Táknræn eða raunveruleg þátttaka grunnskólabarna: Sýn barna á réttindi og lýðræðislega þátttöku í skóla

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2023/alm/02>

DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2023.2>